



148 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, þriðjudaginn 24. september 2019 kl. 18:00 að Langaholti í Snæfellsbæ.

Mætt voru: Eggert Kjartansson, Bára Daðadóttir, Einar Brandsson, Björgvin Helgason, Árni Hjörleifsson, Guðveig Eyglóardóttir, Lilja B. Ágústsdóttir, Sif Matthíasdóttir, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson og Björn Hilmarsson. Eyjólfur Bjarnason boðaði forföll, en varamaður hans hafði ekki tók á að mæta. Auk þess sat Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV fundinn og ritaði fundargerð.

Eggert Kjartansson, formaður SSV, setti fund kl. 18:00

1. Fundargerð 147 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 147 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Haustþing SSV 2019

Lögð fram dagskrá Haustþings SSV 2019 sem fer fram í Klifi í Ólafsvík 25. september n.k.

3. Starfsáætlun SSV 2020

Lögð fram drög að starfsáætlun SSV fyrir árið 2020. Framkvæmdastjóri kynnti áætlunina. Stjórn samþykkti hann fyrir sitt leiti og vísaði henni til umræðu á Haustþingi 2019.

4. Fjárhagsáætlun SSV 2020

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun SSV fyrir árið 2020. Framkvæmdastjóri kynnti áætlunina. Stjórn samþykkti hana fyrir sitt leiti og vísaði henni til umræðu á Haustþingi 2019.

5. Ályktanir Haustþings SSV 2019

Tillögur að ályktunum kynntar fyrir stjórn. Stjórn samþykkti að leggja þær óbreyttar fyrir Haustþingið.

6. Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024

Lögð fram endurskoðuð drög að Sóknaráætlun Vesturlands. Samþykkt að vísa sóknaráætluninni til kynningar á Haustþingi 2019 sem og inn í samráðsgátt stjórnvalda.

7. Velferðarstefna Vesturlands

Lögð fram endurskoðuð drög að velferðarstefnu Vesturlands. Stjórn samþykkt tillögur að breytingum og staðfesti þar með Velferðarstefnu Vesturlands og fól framkvæmdastjóra að hefja nú þegar vinnu að þeim verkefnum sem þar eru tilgreind.

8. Erindisbréf fyrir Ungmennaráð Vesturlands

Erindisbréf fyrir Ungmennaráð Vesturlands lagt fram til staðfestingar hjá stjórn SSV, en ekki höfðu borist athugasemdir frá ungmennaráðum sveitarfélaganna. Stjórn staðfesti erindisbréfið.

9. Afmæli SSV

Rætt um 50 ára afmæli SSV sem verður fagnað með ráðstefnu um framtíð Vesturlands sem fer fram í Hjálmakletti 15. nóvember n.k.

10. Stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga

Rætt um þingsályktunartillögu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga.

11. Framlögð mál

- a. Lagt fram bréf frá eigendum jarðanna Akra 1,2,3, Traða og Laxárholts í Borgarbyggð varðandi áhyggjur þeirra af áhrifum fjölgunar meindýra á svæðinu. Stjórn SSV hefur ekki umboð til að taka ákvarðanir um kvóta á veiðum í Borgarbyggð eða fjárveitingum frá Sorpurðun Vesturlands til veiða á vargi við sorpurðunarstaðinn í Fíflholtum. Framkvæmdastjóra falið að svara bréfitara.

Fundi slitið kl. 19.55